

REGLUR ÍSLANDSSJÓÐA HF.

um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

Útgáfudagsetning: 11. apríl 2016

Íslandssjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og starfrækir eftirlitskerfi sem lýtur að því að tryggja að félagið, stjórn og starfsmenn þess hagi eigin viðskiptum með fjármálagerninga í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og ákvæði laga og reglna.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 6. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og 12. gr. reglugerðar nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Markmið reglna þessara er m.a. að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja trúverðugleika í starfsemi félagsins og að koma í veg fyrir að draga megi hlutlægni starfsmanna í efa, í störfum þeirra hjá félaginu, þ.m.t. að þegar starfsmaður á viðskipti láti hann eigin hagsmuni aldrei ganga frammar hagsmunum viðskiptavina og/eða félagsins. Starfsmenn skulu ávallt virða markmið þessi í viðskiptum sínum með fjármálagerninga. Sé starfsmaður í vafa um að viðskipti hans séu í samræmi við ofangreind markmið skal hann leita álits regluvarðar¹.

1. Gildissvið

- 1.1. Reglur þessar taka til allra starfsmanna Íslandssjóða.
- 1.2. Reglur þessar taka jafnframt til neðangreindra aðila:
 - a. Maka, maka í staðfestri samvist eða sambúðarmaka starfsmanns (hér eftir nefndur maki) og ófjárráða barna, kjörbarna eða stjúpbarna á hans framfæri. Þegar talað er um starfsmenn í reglum þessum gildir hið sama fyrir þessa aðila, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
 - b. Eignarhaldsfélaga starfsmanna skv. grein 1.1. og aðila skv. grein 1.2.a. sem og félaga þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Þegar talað er um starfsmenn í reglum þessum, gildir hið sama fyrir umrædd eignarhaldsfélög/félög nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 1.3. Starfi maki starfsmanns hjá öðru fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt til regluvarðar og lúta viðskipti maka þá reglum þess félags, ef við á. Láti maki af störfum hjá aðila sem hefur sett sér slíkar reglur, skal regluvörslu jafnframt tilkynnt um það.
- 1.4. Reglur þessar taka til viðskipta með fjármálagerninga, sbr. skilgreiningu laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

¹ Átt er við regluvörð og starfsfólk Regluvörslu Íslandsbanka.

Starfsmönnum er einungis heimilt að taka þátt í útboðum þar sem Íslandsbanki er umsjónaraðili, sé um að ræða almenn útboð verðbréfa samhliða töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.²

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti starfsmanna, maka, ófjárráða barna og eignarhaldsfélög/félög á grundvelli samnings við Íslandsbanka um virka stýringu að því tilskildu að engin samskipti eigi sér stað varðandi einstaka viðskipti milli eignasafnsstjóra og hlutaðeigandi starfsmanns.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- og fjárfestingasjóða³ sem reknir eru af öðrum aðilum en Íslandssjóðum.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti með hlutdeildarskírteini í IS Lausafjár safni sem er í rekstri Íslandssjóða vegna eðlis og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Komi til breytinga á fjárfestingarstefnu sjóðsins skal ákvæði þetta sæta endurskoðun.

- 1.5. Hafi starfsmaður vitneskju um fyrirhuguð viðskipti fyrir hönd sjóðs eða eignasafns í stýringu Íslandssjóða er honum óheimilt að eiga viðskipti með sama fjármálagerning fyrir eigin reikning þar til viðskipti hafa farið fram eða verið afturkölluð. Ákvæði þetta takmarkar þó ekki heimildir starfsmanna til að taka þátt í útboðum í samræmi við önnur ákvæði þessara reglna.
- 1.6. Reglur þessar taka til viðskipta með fjármálagerninga félags, með fjárhagslega hagsmuni á Íslandi, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði jafnt hér á landi sem og erlendis.⁴
- 1.7. Starfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum eða öðrum hliðstæðum félagsskap, sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.
- 1.8. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með afleiður nema í þeim tilgangi að minnka áhættu sína. Starfsmönnum er óheimilt að veðsetja verðbréfaeign sína til tryggingar fyrir lántöku hjá Íslandsbanka, eða öðrum starfsleyfisskyldum lánveitendum⁵, vegna verðbréfavíðskipta.
- 1.9. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með önnur verðbréf en þau sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga sem rekið er af eftirlitsskyldum aðila á Íslandi.⁶ Eftirfarandi viðskipti eru þó undanþegin:
 - a. viðskipti maka starfsmanns ef um er að ræða viðskipti sem eru tengd atvinnurekstri er maki stundar,
 - b. móttaka og sala á verðbréfum sem starfsmenn hafa fengið sem gjöf, arf eða sem greiðslu fyrir sölu fastafjármuna,
 - c. móttaka og sala á verðbréfum sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá Íslandssjóðum. Er starfsmönnum heimilt að taka þátt í aukningu hlutfjár í réttu hlutfalli við fyrri eign sína hjá óskráðum félögum sem þeir áttu hlut í þegar þeir hófu störf hjá Íslandssjóðum,
 - d. viðskipti með hlutabréf fyrirtækja sem engin virk viðskipti eru með og/eða félögum sem hafa ekki fjárfestingar að markmiði, t.d. félög um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima.

² Þar sem óskað er eftir tilboðum á föstu gengi en ekki er óskað eftir tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og þeir ganga ekki fyrir sem fyrstir skrá sig.

³ Sjóðir sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði

⁴ Tvískráning, félag sem Íslandsbanki hefur aðkomu að

⁵ S.s. fjármálafyrirtæki, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og lífeyrissjóðir, lög nr. 129/1997

⁶ T.d. First North

Telji starfsmaður að undanþága samkvæmt liðum b. – d. eigi við um fyrirhuguð viðskipti, skal hann senda skriflega beiðni til regluvarðar þar sem hann fer þess á leit að eiga umrædd viðskipti. Óheimilt er að eiga slík viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra.

- 1.10. Starfsmenn skulu gæta hófs í viðskiptum sínum með fjármálagerninga m.t.t. mögulegra hagsmunaárekstra. Samanlögð verðbréfi viðskipti starfsmanns og tengdra aðila⁷ skulu að hámarki nema 50 milljónum kr. í einstökum viðskiptum innan viðskiptadags og/eða 150 milljónum kr. á ársgrundvelli.

2. Framkvæmd eigin viðskipta starfsmanna

- 2.1. Starfsmaður sem hyggst eiga viðskipti skal senda beiðni til regluvarðar í gegnum kerfi á Innraneti félagsins. Regluvörður tekur afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta að teknu tilliti til upplýsinga frá starfsmanni og annarra fyrirliggjandi upplýsinga m.a. innan Íslandsbanka, s.s. mögulegra innherjaupplýsinga. Regluvörður svarar beiðnum, virka daga, milli kl. 09 - 14. Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra.
- 2.2. Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta áður en þau eiga sér stað, eru þau alfarið á ábyrgð viðkomandi starfsmanns.
- 2.3. Viðskipti starfsmanna skulu fara fram fyrir milligöngu Íslandsbanka nema í eftirfarandi tilvikum:
 - a. Þeir makar sem stunda atvinnurekstur eru ekki bundnir af milligöngu bankans um þau viðskipti sem tengjast þeim atvinnurekstri.
 - b. Sé um að ræða almenn útboð sem ekki eru á vegum Íslandsbanka er starfsmönnum heimilt að ganga sjálfir frá skráningu hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.
 - c. Ef starfsmaður á viðskipti í gegnum Netbanka Íslandsbanka er honum heimilt að annast viðskipti sín sjálfur en alltaf verður að senda beiðni til regluvarðar og fá afstöðu til viðskipta.
 - d. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður, eftir atvikum í samráði við Innri endurskoðun.
- 2.4. Afstaða regluvarðar gildir einungis þann dag er afstaða er gefin og eigi viðskipti sér ekki stað innan viðskiptadags skal starfsmaður senda nýja beiðni til regluvarðar. Við sérstakar aðstæður getur regluvörður ákveðið að afstaða til viðskipta gildi lengur en að framan greinir, s.s. ef lítil viðskipti eru með viðeigandi verðbréf.

3. Lágmarks eignarhaldstími

Lágmarks eignarhaldstími á verðbréfum sem starfsmaður hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna þessara er 30 dagar talinn frá kaupdegi⁸ nema í eftirfarandi tilvikum:

- a. Til að verja sig tapi í viðskiptum með verðbréf, enda sé verð bréfanna orðið jafnt eða lægra en upphaflegt kaupverð.
- b. Ef um er að ræða verðbréf sem starfsmaður hefur eignast áður en reglur þessar taka gildi gagnvart honum.

⁷ Átt er við starfsmenn og tengda aðila samkvæmt ákvæðum 1.1. og 1.2.

⁸ Í almennum útboðum er kaupdagur sá dagur er fjármálagerningur er tekinn til viðskipta í kauphöll

- c. Regluverði er heimilt að veita undanþágu í öðrum tilvikum svo sem vegna gjafa, arfs, veikinda, slyss, andláts, hjónaskilnaðar.

4. Tilkynning um verðbréfaeign

Starfsmenn skulu greina⁹ regluverði frá allri verðbréfaeign þegar þeir hefja störf hjá Íslandssjóðum.

5. Varsla verðbréfa

Starfsmenn skulu hafa verðbréf sín á vörslureikningum hjá Íslandsbanka.¹⁰ Nýjum starfsmönnum ber að flytja vörslu verðbréfa sinna til bankans þegar þeir hefja störf.

6. Eftirlit og viðurlög

- 6.1. Regluvörður hefur eftirlit með því að ákvæðum reglna þessara sé fylgt og heldur skrá yfir allar beiðnir starfsmanna um afstöðu til viðskipta og undanþágu sem veittar hafa verið frá reglum.
- 6.2. Brot gegn reglum þessum geta varðað athugasemdom, áminningu og tilkynningum til viðeigandi aðila í samræmi við valdheimildir regluvarðar í útivistunarsamningi.
- 6.3. Regluvörður heldur skrá yfir meint brot á reglum þessum.

7. Önnur ákvæði

- 7.1. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum reglna þessara og skal starfsmaður senda skriflega umsókn þess efnis til regluvarðar. Tímamörk á afgreiðslu viðskiptabeiðna skv. ákvæði 2.1. eiga ekki við um afgreiðslu beiðna um undanþágu.
- 7.2. Regluvörður getur bannað viðskipti starfsmanna með ákveðna fjármálagerninga án skýringa og/eða tímamarka á banninu.
- 7.3. Starfsmenn skv. ákvæði 1.1. skulu við upphaf starfs staðfesta að þeir hafi kynnt sér reglur þessar á innraneti félagsins.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Íslandssjóða hf. 11. apríl 2016.

⁹ Eyðublað vegna þessa er að finna í nýliðahandbók starfsmanna

¹⁰ Þetta á ekki við um hlutdeildarskrteini í sjóðum sem eru í vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki